

# ÍSLENSKA SNORRA STURLUSONAR

## I

Engum af snillingum heimsbókmenntanna, hefir eins vanþakkað verið og íslenskum forn mönnum. Það er óhætt að segja, að það sem allrafrægast er af íslenskum fornbókmenntum, hefir ekki náð tíunda hluta þeirrar frægðar, sem rétt væri. Og svo langt hafa menn komist í að vanþakka höfundunum, að því hefir verið haldið fram, að sögurnar hafi nálega samið sig sjálfar, án þess að þar kæmi nokkur rithöfundarsníld til! Þetta er að vísu ótrúlegt mjög, en þó er auðvelt að sanna það með tilvitnun. Naar man sysler med vore Forfædres Oldskrifter — segir P. A. Munch, Saml. Afh. I, s. 299 — vil man snart indse, at der her ikke, som i den gamle klassiske historiske Litteratur, kan være synderligt spørgsmaal om, hvo der var Forfatter til hvert enkelt skrift. Man föler lettelingen, at den aldeles objective Fortælling saa at sige er udsprunget af Begivenhederne selv, o. s. frv.

## II

Munch var atkvæðamaður mikill, og þessi herfilegi mis-skilningur hans á fornbókmenntum vorum, hefir átt mikinn þátt í því að menn lærðu ekki að meta íslenska ritsníld eins og maklegt, er, og sást yfir höfundarmarkið, sem þó er á hverri sögu, og því greinilegra, sem sníldarlegar hefir ritað verið. Og hvergi er höfundarmarkið greinilegra en á Njálu, þar sem nálega má svo að orði kveða, að kenna megí á hverri setningu, frá upphafi til enda, mark eins hins mesta sníllings, sem nokkurn tíma hefir stungið niður penna. Njála er að ritfari skyld Egilssögu, en þó er munurinn mikill. Lagið

er allt annað. Aftur er Egla að málfæri mjög skyld þessari stórkostlegu Norðurlandasögu, sem menn hafa kallað Heimskringlu, og telja nokkurnveginn efalaust að Snorri muni ritað hafa.\* Guðbrandur Vigfússon gat þess til, að Egils saga kynni að vera eftir Snorra, og Björn M. Olsen, gerði í merkilegri ritgerð i Aarb. for Nord. Oldkynd. og Hist. 1904, mjög gáfulegan samanburð á Eglu og Heimskringlu, og benti á, hversu sterkar líkur væru til þess, að Snorri væri höfundur þessa aðdánlega meistaraverks sem Egilssaga er.

Ég ætla hér að auka dálitlu þessa rannsókn á því hvort Egilssaga muni vera eftir Snorra, og er það málfærið eða stíllinn, sem ég hefi einkum athugað. En einmitt þá rannsókn, taldi Björn Ólsen ekki svo mikilsverða þegar mál þetta skyldi dæma, og er eftirtektarvert mjög, að jafnvel hjá slíkum afreksmanni að viti og norrænum fróðleik, sem Björn Ólsen var, skyldi hugmyndin um nokkurnveginn sameiginlegan sögustíl, vera svona rík.

### III

Efni hefi ég hér í ritgerð, sem bæði mundi verða nokkru lengri og torlæsilegri en hér mundi hófi gegna. En það vill líka svo vel til, að í stuttu máli má segja það sem mestu skiftir.

Eitt það einkenni Heimskringluhöfundarins, sem best er að átta sig á, má finna, ef vér gætum að lýsingarorðum hans. Þar sem aðrir mundu skrifa: agaligr, háskaligr, rausnarligr o. s. frv., er í Heimskringlu: agasamligr, háskasamligr, rausnarsamligr o. s. frv. Og atviksorðin að sínu leyti eins. Hver sem les Heimskringlu þannig, að hann hafi í huga að gæta að þessu, getur auðveldlega séð, að höfundurinn hefir mjög miklar mætur á þessu orðalagi; það þarf sjaldan lengi að lesa, áður eitthvað slíkt komi fyrir, og hann kemur því að, jafnvel þar sem aðrir höfundar mundu ekki nota einfaldara

\* Hið sjaldgæfa orðtæki, að verða samhlaupa, sem Snorri hefir í vísunni til Þórðar kakala, kemur fyrir í Heimskringlu, sögu Ólafs helga, k. 121, s. 298, 1. 16, útgáfa Finns Jónssonar.



lýsingarorðið, með ligr, heldur orða öðruvísi. Svo langt kemst Heimskringluhöfundurinn, eða, eins og okkur er óhætt að orða það, Snorri Sturluson, í þessu, að þar sem hann segir af Bjarmalandsför þeirra Þóris hunds, skrifar hann hljóðsamliga! Þórir bað menn fara hljóðsamliga (Hkr., útg. F. J., s. 312); því verður ekki neitað, að í slíku lýsir sér merkilega rík tilhneiging til þess konar orðmyndunar.

Þetta sama einkenni finnum vér nú á málinu á Egils sögu. Þar er talað um bú rausnarsamligt og tíðindi háskasamlig. En þó segir í Egils sögu ekki hljóðsamliga, heldur hljóðliga.

#### IV

Ennþá meira en ella mundi finnst oss um það, hvað þær eru líkar í máli, Eglu og Heimskringlu, ef vér berum saman Eglu og Njálu. Þó að vér litum ekki á neitt annað en málfærið, þá gætum vér sagt með vissu, að þær sögur eru ekki eftir sama höfund. Svo litlar mætur hefir höfundur Njálu á þessu lýsingarorðalagi Snorra, að það kemur, held ég varla fyrir í sögunni, nema þar sem sagt er frá Skarphéðni á þingi seinast (ógæfusamligr). Við slíka rannsókn er það góð aðferð, að gæta að því sem vandlegast, hvernig hinar ýmsu sögur segja frá sömu eða líkum atburðum. Njála getur mjög oft um, oftár, held ég, en nokkur önnur saga, að vinum eða gestum er vel fagnað. Í Eglu getur líka nokkuð oft um slíkt. Ef vér nú berum saman hið fremur einfalda orðalag, sem barna getur komið til greina, þá kemur mjög merkilega fram, hve mikill munur er á orðafarinu, og það þó að allra einfaldasta og sjálfsagðasta orðalagið, að taka vel, að fá góðar viðtökur, komi fyrir í báðum sögunum. Höfundur Eglu neitar sér ekki um að koma að sínum kærnu, löngu lýsingarorðum: Yngvarr tekur við Agli feginsamliga (k. 31), Þórir tekur við Rögnvaldi konungssyni feginsamliga (k. 57), og Agli er á Lambastöðum tekið vel ok feginsamliga (k. 58). En í öll þau mörgu skipti sem Njála lætur þess getið, að gesti sé vel fagnað, er aldrei þannig að orði komist.

Líklega mætti finna ekki allfá kenniorð (Leitwörter, sbr.

Leitfossilien) í ritum Snorra, sem koma ekki fyrir í Njálu, t. d. orð eins og torleiði, kynferð, og ef til vill forvitri. Og Njála hefir Vesturlandsorðið klektunarmaður, þar sem Eglu kallar ertingamann. —

Í bindi því af „Aarböger“, sem hér hefir verið getið um, er mikilsverð ritgerð um Njálu, eftir þennan mikla afreksmann, prófessor Finn Jónsson. Þykir mér gott að sjá því haldið fram, að Njála muni vera rituð á Vesturlandi, og ekki eins seint og sumir hafa talið. En of mikið vanþakklæti gagnvart þeim sem Njálu ritaði, er þó það, að halda því fram, að þar sé aðeins um skrásetjara að ræða eða samanskrifara, en ekki eiginlegan höfund sögunnar. Því að ef satt skal segja, þá var sá sem Njálu ritaði, einn af allra mestu snillingum, sem uppi hafa verið; maður sem jafnvel Björnson og Ibsen ná ekki í öxl, og Thorvaldsen varla heldur. Eini maðurinn sem mér gæti komið til hugar að taka til jafns við þann snilling, sem vér eigum Njálu að þakka, er hinn mikli William Shakespeare. Og er þó samanburðurinn dálítið villandi, því að Njáluhöfundurinn er að reyna til að segja sanna sögu, og aðferð hans er að nokkru leyti aðferð vísindamannsins.

## V

Hversu stutt sem ritað er um líkingu þá, sem er með Eglu og Heimskringlu, þá er það eitt sem ekki má sleppa. „Vér fengum mikit orðaskak“, segir Álfgeirr jarl í Eglu (k. 53); en í Ólafs sögu helga segir Þórðr hinn lági: „Eigi hljótum vér meðalorðaskak af honum Mæra-Karli (Hkr. s. 337); „orðaskak“ er mjög sjaldgæft, og kemur ef til vill ekki fyrir annarsstaðar en þarna. —

Mál það sem hér hefir verið rannsakað, virðist mér helst horfa þannig við, sem spurningin sé þessi: hvernig á að skýra mun þann, sem er á ritfari Heimskringlu og Egils sögu, þar sem höfundur er hinn sami? En munur er nokkur. Málið á Eglu er ekki óvíða eins og nokkru liprara en á Heimskringlu. Og á Heimskringlu er ekki mjög óvíða lýti, sem að vísu einnig kemur fyrir í Eglu, en þó miklu sjaldnar. Það er það



sem málfræðingar kalla anakolúþí. Það vantar eftirsetningu, og er slíkt skiljanlegt, ef höfundur les eða segir fyrir, og gleymir stundum, meðan hann er að hugsa um framhaldið, eða skrifarinn er að færa í letur það, sem hann hafði sagt, hvernig hann hafði byrjað.\* Og efnismun dálítinn væri hér líka ástæða til að minnast á, sem mig minnir Dr. Björn Ólsen geti ekki um. Egla segir (k. 76) frá því, að Hákon konungur góði hafi hroðið tólf skip af Dönnum með tveim skipum, en í Hákonar sögu (k. 7), segir að dönsku skipin hafi verið 11, og er tilfærð vísa eftir Guthorm sindra: þás ellifu allar. Höfundur Eglu virðist ekki hafa munað vísuna, þegar hann ritaði, en önnur talan ef til vill orðið tólf af því að hin var tveir.

## VI

Einn mikill þáttur í erindi Nýals er að sýna fram á hina sérstöku þýðingu íslensku þjóðarinnar. En þar verður því greiðara um skilning, sem vér metum réttar íslenskar forn-bókmenntir. Og því betur sem vér lærum að þekkja höfundarmarkið á hverju riti, því fremur getum vér metið að verðleikum þá snilld, sem þar kemur fram. En það er líkt um Íslendinga sögur og myndlistina grísku, að þeirri snilld, sem á þeim er, hefir aldrei náð verið síðan, í nokkru landi. Enginn síðari höfundur hefir á jafnháu stigi eins og Snorri og fleiri snillingar íslenskrar söguritunar, sameinað kosti vísindamannsins og skáldsins. Höfundarnir rannsaka söguefni sitt með glöggskyggni ágæts vísindamanns, og rita síðan söguna af skáldlegri snilld, eða eins og ef til vill væri réttara að segja, af meir en skáldlegri snilld. Takið tvo af mestu snillingum hinna bresku heimsbókmennta, Walter Scott og Thomas Carlyle — sem báðir hafa sennilega verið af norrænum ættum — og gætið að, hversu mikið þá skortir við Snorra. Carlyle mun vera frægastur allra sagnaritara á síðari

\* Einnig á hinu ódauðlega snilldarmáli Snorra-Eddu má sjá þennan galla stundum, eins og t.d. í Gylfaginningu, 50. k.: en er Loki sér tvá kosti, var þat lífsháski at hlaupa á sæinn, en hinn var annarr, at hlaupa enn yfir netit, ok þat gerði hann, hljóp sem snarast yfir netþinulinn.

öldum fyrir málsnilld, og þó kemst hann ekki nálægt Snorra Sturlusyni. Ritmælska Carlyles er náin að frændsemi við málsnilld munkins; en orðsnilld Íslendingins er hið göfgaða gagnmál sjómannsins, bóndans og goðans á þingi.

## VII

Ýmsum hefir hætt við að halda, að mér mundi vera hættara en öðrum mönnum við þokukennndri hugsun eða heilaspuna. Þeir hafa ímyndað sér, að ég mundi vera það sem á útlendu máli er kallað Fantast, heilaspunamaður. Og þetta er ein af ástæðunum til þess, að vel á við hér í Nýal, að skýra frá rannsókn eins og þessari, sem nú hefir verið nokkuð af sagt. Ef einhver er heilaspunamaður eða Fantast, þá er það af því, að hann skortir menntun og hæfileika til samanburðar, og skilur þess vegna minna í sambandi atburða og hluta en aðrir menn. Vilji því einhver hrinda þess konar grunsemd, þá er ekkert annað ráð betra til en taka upp einhverja rannsókn, sem gert hafa menn sem ágætir voru að skarpleik og mikla hæfileika höfðu sýnt við vísindalegan samanburð — eins og prófessor Björn heitinn Ólsen — og bæta þar einhverju við. Þá mun hver vitur maður skilja, að ekki er hugarburðarmaður, ef slíkt gerir. En þó eru sumar mínar rannsóknir ennþá betur fallnar til að sýna slíkt, en sú sem hér segir af, og rannsóknin hefir fyrst og fremst verið gerð málefnisins vegna. Því að mjög kærar eru þessar bækur oss, og fagurt fyrirheit um, að komist muni verða úr kreppunni. Og miklar þakkir eiga þeir menn skilið, sem með erfiðu starfi að handritarannsókn og útgáfum, hafa gert það að verkum m.a., að vér, sem ekki höfum slíkt stundað, getum þó tekið þátt í að auka þekkinguna á dýrmæti þessa þjóðararfs Íslendinga.

1922.